

# Síkvik menning á mörkum hins meira en mennska:

## Ferðamennska, söfn og staðir

Katrín Anna Lund

Prófessor við Háskóla Íslands

Gunnar Þór Jóhannesson

Prófessor við Háskóla Íslands

**Útdráttur:** Ferðamennska er ein meginbirtingarmynd hreyfanleika nú til dags. Aldrei hafa fleiri ferðamenn sótt landið heim en á síðustu árum. Í þessari grein er ætlun okkar að rýna í samband menningar, náttúru og ferðamennsku á gagnrýnninn hátt. Það er algeng nálgun í rannsóknum á ferðamálum að skýrri afmörkun á milli menningar og náttúru sé viðhaldið í anda hefðbundinnar akademískrar hugsunar. Gert er ráð fyrir að náttúra annars vegar og menning og samfélag hins vegar séu aðskilin svið sem geti haft gagnkvæm áhrif á hvort annað. Að okkar mati ná þessi sjónarhorn ekki að fanga þann hreyfanleika og sköpunarkraft sem felst í samfléttun náttúru og menningar sem virkra gerenda. Við munum byggja á efnislegri tengslahyggju til að draga fram hvernig ferðamennska og áhrif hennar verða til í síkvikum tengslum milli hins mennska og hins meira-en-mennska. Galdrasýningin á Hólmavík er miðpunktur greinarinnar. Við lýsum sýningunni sem tengslarými (e. *contact zone*) og leggjum áherslu á að fylgja hvernig fortíð og nútíð og svið náttúru og menningar fléttast saman í framsetningu hennar og eiga þátt í að leiða fram samband hreyfanleika Stranda í tíma og rými.

**Lykilorð:** Galdrasýning á Ströndum • menningartengd ferðaþjónusta • hreyfanleiki • meira en mennskt • tengslarými

**Abstract:** Tourism is one of the main manifestations of contemporary mobility. Never have more tourists visited the country than in recent years. In this article, we intend to critically explore the relationship of culture, nature and tourism. It is a common approach in travel research that a clear demarcation between culture and nature is maintained in the spirit of conventional academic thought. Nature, on the one hand, and culture and society, on the other, are framed as separate spheres that can mutually affect each other. In our view, this perspective does not capture the mobility and creativity inherent in the interweaving of nature and culture as active agents. We will build on relational materialism to highlight how tourism and its affects emerge in a dynamic relationship between the human and the more-than-human. The Museum of Icelandic Sorcery and Witchcraft in Hólmavík, Strandir, is central to the study. We describe the Museum as a contact zone and seek to trace how the past and present as well as the spheres of nature and culture are entwined in its display and bring forth the mobility of Strandir in time and space.

**Keywords:** Museum of Icelandic Sorcery & Witchcraft • cultural tourism • mobility • more-than-human • contact zone

## Inngangur

Ferðamennska er ein meginbirtingarmynd hreyfanleika og fólksflutninga nú til dags. Aldrei hafa fleiri ferðamenn sótt Ísland heim en á síðustu árum og á sama tíma fjölgar þeim sem hingað koma til að starfa í ferðaþjónustu. Ferðamennska nútímans er síkvik og mótast í flóknum hreyfanleika nútímasamfélaga og um leið hefur hún mótandi áhrif á staði, samfélög og menningu. Í þessari grein munum við byggja á efnislegri tengslahyggju til að kanna samband menningar, náttúru og ferðamennsku á gagnrýninn hátt. Markmið okkar er að draga fram hvernig ferðamennska og áhrif hennar verða til í síkvikum tengslum milli hins mennska og hins meira-en-mennska og varpa ljósi á hvaða afleiðingar slík áhersla á tengsl hefur fyrir skilning á mótun staða og hlutverki safna sem og menningarpólítík.

Umræða um ferðamennsku hefur í gegnum tíðina mótast af tvíhyggju þar sem andstæðir eiginleikar fyrirbæra eða hugtaka eru notaðir sem útgangspunktur. Þetta á við almenna jafnt sem fræðilega umfjöllun um ferðamál. Almenn er fólki er tamt að gera t.d. skýran greinarmun á „okkur“ sem gestgjöfum og „hinum“ í hlutverki ferðamanna sem sækja landið heim. Innan ferðamálafræða má finna sömu tvískiptingu milli gesta og gestgjafa en þar má einnig nefna almennari aðgreiningu eins og milli framleiðslu og neyslu, viðskipta og menningar, og náttúru og samfélags sem hefur mótað fræðilega sýn á ferðaþjónustu og ferðamennsku. Fjölmargar rannsóknir hafa leitast eftir því að greina og lýsa einstökum tegundum ferðaþjónustu, svo sem náttúrutengdri ferðaþjónustu eða menningartengdri ferðaþjónustu, og jafnvel ólíkum „gerðum“ ferðafólks (Buckley ofl., 2003; Cohen, 1972; Richards og Wilson, 2006). Segja má að rannsóknir sem þessar hafi lagt áherslu á að svara „hvað er“ spurningum um ferðamál. Þær hafa leitast við að fanga einkenni og flokka athafnir og iðkun ferðamennsku. Það er í anda meginstraums félagsvísinda á Vesturlöndum og mikilvægt verkefni í sjálfu sér ef skapa á einhverskonar yfirlit um strauma og stefnur ferðamennsku eða að magntaka ferðaþjónustu á einhvern hátt, t.d. að vinna hliðarreikninga ferðaþjónustu, sem er eitt helsta tæki stjórnvalda til að greina hagstærðir ferðaþjónustu. Þetta sjónarhorn hentar hins vegar ekki vel til að gera grein fyrir þeim hreyfanleika og þeirri hversdagslegu iðkun sem er grundvöllur ferðamennsku. Í raunheiminum snýst ferðamennska ekki um að ferðast til áfangastaðar og skila tekjum í þjóðarþúið áður en haldið er heim á ný. Við þekkjum það á eigin skinni þegar við ferðumst, hvernig við komumst ekki hjá því að vera í nánum tengslum við bæði mannlegt og efnislegt umhverfið sem við ferðumst um, með athöfnum okkar (Edensor, 2001; Hannam og Knox, 2010). Við verslum og stundum viðskipti, tökum þátt í framleiðslu upplifunarinnar (framneyslu) og lærum sitthvað um okkur sjálf og mögulega aðra menningarheima. Margskonar hlutir og tækni eru nauðsynlegir gerendur í því neti sem er bæði forsenda og afurð ferðalags okkar. Snýrileg flokkun viðskipta og menningar eða hins félagslega og hins efnislega eða tæknilega heldur ekki vatni í hversdagsleikanum (Van der Duim ofl., 2012). Á síðustu árum hefur rannsóknum á ferðamálum sem leggja meiri áherslu á hreyfanleika, tengsl og iðkun vaxið fiskur um hrygg. Þær hafa dregið fram mikilvægi þess að komast handan við stranga tvíhyggju til að lýsa því hvernig áfangastaðir mótast í síkvikum og mangleitum tengslum og athöfnum.

Greinin byggir á rannsóknum okkar á Ströndum, á norðanverðum Vestfjörðum, sérstaklega Galdrasýningunni á Ströndum sem staðsett er á Hólmavík. Greinin hefst á umfjöllun um verufræði tengsla og á hvaða hátt hún hefur áhrif á sýn og skilning á ferðamennsku og

áfangastöðum. Því næst munum við kynna Galdrasýninguna og hvernig hún tengir menningu og náttúru á svæðinu. Við munum leitast við að draga fram hvernig sýningin virkar sem tengslarými (e. *contact zone*) (Clifford, 1997) og vettvangur fyrir iðkun misleitra gerenda sem leggja til við sköpun áfangastaðarins Stranda.

## Á mörkum hins meira-en-mennska: Ferðamennska og staðir

Almennt má segja að fræðileg umfjöllun um ferðamál hafi markast mjög af vexti fjöldaferðamennsku sem hefur verið stöðugur frá seinni hluta 20. aldar. Í grófum dráttum má skipta fræðilegri umræðu um ferðamál í tvennt. Annars vegar eru rannsóknir sem fjalla um ferðaþjónustu sem hagrænt fyrirbæri og leggja áherslu á viðskiptatengda þætti hennar. Hér birtist ferðaþjónusta sem leið að markmiði, t.d. að því að efla hagþróun á tilteknum stöðum. Hins vegar eru rannsóknir sem hafa gagnrýnt hagrænar afleiðingar ferðaþjónustu og leitast við að lýsa ferðamennsku sem menningarlegu fyrirbæri (Tribe, 1997, 2006). Í báðum tilvikum hafa ferðaþjónusta og ferðamennska birst sem afmarkað svið samfélags og menningar. Áhersla hefur verið lögð á að ferðalagið marki skil í daglegu lífi fólks, að það sé hlé frá rútínu hversdagsins og sé þannig háð öðrum reglum og normum en lífið „heimavið“ (Cohen, 1996 [1979]; Urry, 1990) en líka að í ferðalaginu felist leit eftir upprunalegu eða sönnu ástandi (MacCannell, 1976). Í kenningu sinni um ferðamannaáhorfið (e. *tourist gaze*) lýsir félagsfræðingurinn John Urry (1990) ferðamennsku sem félagslegu kerfi sem skapar aðdráttarafl jafnt sem væntingar og viðheldur sér í gegnum iðkun ferðafólks sem og með menningarlegum orðræðum í formi kvikmynda, ritlistar, fjölmiðla og markaðsefnis. Fólk leiðir vart hugann að því af hverju því finnst París vera rómantísk borg eða af hverju því finnst mikilvægt að taka ljósmyndir af ákveðnum stöðum eða tilteknum landslagsformum. Ástæðan er sú að við sem ferðumst höfum lært að ákveðnir staðir bera með sér tiltekna merkingu og jafnframt að við eigum að hegða okkur á ákveðinn hátt sem ferðamenn og þar er hin sjónræna upplifun, áhorfið á hið óvenjulega, miðlægt. Urry (1990) segir ferðafólk leitast við að endurskapa þær ímyndir sem það þekkir af stöðum og samfélögum, t.a.m. með því að taka ljósmyndir sem minna á auglýsingaefni um áfangastaðina þegar kemur að formi og innihaldi. Þessu fylgir að staðir eru settir fram í þeirri mynd sem ferðamannaáhorfið segir til um, t.d. eru þeir gerðir aðgengilegir fyrir sjónræna neyslu sem endurframleiðir þá í sömu mynd (Caton og Almeida Santos, 2008; Jenkins, 2003). Staðalmyndir um samfélög og menningu karabísku eyjanna sem rómatískrar hitabeltisparadísar eru t.d. ítrekaðar fremur en að þeim sé breytt og það sama má segja um gamlar hugmyndir 19. aldar landkönnuða um hreint, grófgert og óspillt Ísland sem endurspeglast í svipmóti fólksins sem það byggir (Kristín Loftsdóttir ofl., 2017; Oslund, 2011; Sheller, 2004).

Það er algengt að bæði hagrænar nálganir og hinar menningarlegu dragi fram að ferðaþjónusta sé utanaðkomandi afl sem skelli á stöðum og samfélögum, oft með vofeiflegum afleiðingum fyrir fólk og umhverfi (sjá umfjöllun m.a. í Britton, 1991; Shepherd, 2002). Íbúar á áfangastöðum ferðamanna birtast þá sem valdalausir gerendur, þolendur í kapitalísku kerfi ferðaþjónustunnar sem straumlínulagar staði og menningu í þeirri mynd sem hentar þeim sem valdið hafa hverju sinni. Ferðamenn birtast á sama hátt sem grunnhyggjur neytendur sem láta auðveldlega glepjast og stendur á sama um umhverfi og samfélag þeirra sem þeir heimsækja (Turner og Ash, 1975). Báðar þessar nálganir byggja á og viðhalda tvíhyggju sem á rætur að

rekja til djúpstæðrar aðgreiningar menningar og náttúru í vestrænni heimsmynd og hugmyndum um vísindi og nútímann (Latour, 1993).

Efnisleg tengslahyggja leitast við að komast handan við þessa tvískiptingu. Í grundvallaratriðum gengur nálgun hennar út á að veröldin mótist í tengslum og ýmiskonar venslum misleitra fyrirbæra. Allt er tengt (Dillon, 2000) þó allt sé ekki endilega tengt hvað öðru (Haraway, 2016). Það má því segja að efnisleg tengslahyggja gangi út á samtengingar. Í stað aðgreiningar verða rannsóknir samkvæmt þessari nálgun að lýsa menningu og náttúru, hug og líkama eða tækni og samfélagi en ekki aðeins öðru hvoru, svo dæmi sé tekið. Þessi nálgun lýsir gerendahæfni á annan hátt en flestar hefðbundnar kenningar félagsvísinda. Hæfni til athafna er álitin afurð tengsla rétt eins og þau fyrirbæri sem hafa atbeina (Cloke og Jones, 2004). Hún er því ekki bundin tilteknum einingum eins og manneskjum, heldur liggur dreift í tengslum milli ólíkra fyrirbæra. Þetta þýðir að manneskjur birtast ekki sem einu mögulegu gerendurnir í rannsóknum og enn fremur að atbeini fólks er alltaf háður tengslum þess við umhverfi sitt og þá aðra mögulega gerendur. Þau fyrirbæri sem almennt séð er talað um sem náttúru, menningu, ferðamenn, heimamenn, áfangastaði eða heimili eru því ekki til utan tengsla heldur eru afleiðing iðkunar (e. *performance*) í tengslum (sjá t.d. Van der Duim, Ren og Jóhannesson, 2012). Iðkun er því oft miðlæg í rannsóknum sem byggja á efnislegri tengslahyggju. Iðkun ferðamennsku hefur á síðustu 20 árum fengið æ meiri athygli í rannsóknum á ferðamennsku (Bærenholdt ofl., 2004; Edensor, 2000, 2001; Larsen, 2005; Larsen og Urry, 2011; Katrín Anna Lund, 2005 ) samfara meiri áherslu á hreyfanleika sem skipandi afl í samfélagi og menningu . Sjálf höfum við byggt á gerendanetskenningunni (e. *Actor-network theory*) og efnislegri fyrirbærafræði í rannsóknum okkar sem byggja á meiði tengslahyggju og draga sérstaklega fram gerendahæfni meira-en-mennskra gerenda, svo sem ýmiskonar hluta, tækni og náttúru (sjá t.d. Gunnar Þór Jóhannesson og Katrín Anna Lund, 2017; Gunnar Þór Jóhannesson ofl. 2018; Katrín Anna Lund og Gunnar Þór Jóhannesson, 2014, 2016). Þessi nálgun hefur afleiðingar fyrir skilning okkar á meginviðfangsefnum þessarar greinar: ferðamennsku og stöðum.

## Ferðamennska sem samfundur

Ferðamennska er fólgin í hreyfanleika og iðkun. Hún er líkamleg athöfn sem hnígur ekki eingöngu að hagrænni rökvísi um hámarks gæða og er mun meira en áhorf, þó að áhorf sé vissulega stór hluti iðkunar ferðamennsku (Larsen og Urry, 2011). Við teljum best að lýsa iðkun ferðamennsku sem samfundi (e. *encounter*). Hugmyndin um samfund undirstrikar *hvernig* fólk iðkar ferðamennsku fremur en áherslu á *hvað* ferðamennska er. Athyglin færir yfir á tengsl fremur en skil og hvernig það sem við getum kallað ferðamennsku fléttast saman við aðra þræði daglegs lífs. Í samfundi felst hreyfanleiki; við rekum okkur á, mætum og tengjum við umhverfi okkar í víðum skilningi. Í þessum tengslum leggjum við líka til við stöðuga verðandi veruleikans og verðum óumflýjanlega hluti hans (Björn Þorsteinsson, 2016). Það er mikilvægt að undirstrika að samfundir eru bundnir valdaafstöðum. Það er ekki allt jafn mögulegt þó að allt sé mögulega hreyfanlegt. Einfalt dæmi er að við getum ekki gert hvað sem er á áfangastöðum okkar. Straumi ferðafólks er stýrt með innviðauppbýggingu, regluverki, félagslegum normum og leiðbeiningum (Edensor, 2001) og færa má rök fyrir því að meginatriði í kenningunni um ferðamannaáhorfið standist að því leyti að kerfi félagsmótunar hefur mikið um væntingar og hegðun fólks að segja (Urry og Larsen, 2012). Engin regla eða skipan mála er

endanleg. Það er ávallt rými til átaka og andófs, truflunar, hunsunar, útúrtnúninga og leiks sama hversu þaulskipulagt rými áfangastaðar er (sjá t.d. Edensor, 2000, 2001; Höckert, ofl., 2018; Larsen og Meged, 2013). Á almennari nótum er ljóst að það að halda því fram að formgerðir eins og stéttaskipting eða kynjamisrétti verði til í tengslum gerir þær ekki minna raunverulegar eða veigaminni. Slíkar breytur skipta máli. Þær eru hins vegar ávallt verðandi og eru leiddar fram í tengslum sem ólíkir gerendur, mannlegir og meira-en-mannlegir, iðka. Með því að rekja þá þræði sem valdaafstæður milli hópa fólks eða milli manns og náttúru skapast í og lýsa hvernig þær eru látnar skipta máli, þá er mögulega hægt að stuðla að breytingum, t.a.m. þegar kemur að hugmyndum okkar um hlutverk gestgjafa og ferðamanna, mótun áfangastaða eða upplifun og hegðun ferðamanna (Gunnar Þór Jóhannesson ofl., 2016; 2015).

Nálgun sem byggir á hreyfanleika og iðkun undirstrikar að ferðamennska er hluti af daglegri iðkun fólks. Skilin milli hins hversdagslega og hins óvenjulega (heima og að heiman) eru ekki eins skýr eins og stundum er haldið fram. Þegar við ferðumst gerist það oft að við þurfum að sinna vinnutengdum málefnum eða við þurfum að sinna skyldum við fjölskyldu og vini sem eru heima við. Ferðalagið krefst einnig úrlausna hversdagslegra viðfangsefna eins og að kaupa í matinn, sinna börnum og þvo þvott auk þess sem ekki má gleyma því að margir beinlínis tvinnar saman ferðalög og atvinnu, þ.e. fjármagna ferðalög sín með því að vinna á áfangastöðum hluta þess tíma sem þeir dvelja þar (Obrador Pons, 2003; Uriely, 2001). Þar fyrir utan erum við einnig upptekin við að setja okkur á svið í gegnum ferðahegðun okkar fyrir sjálf okkur og aðra til að ítreka og byggja upp sjálfsmynd og ímynd gagnvart öðrum (Dinhopl og Gretzel, 2016; Larsen, 2005; Larsen ofl., 2006). Ferðamennska er að þessu leyti skipandi afl (e. *ordering*) og sem slík stendur hún ekki stök heldur er hluti af og hefur áhrif á þætti samfélags, menningar og náttúru (Franklin, 2004; Ren, ofl., 2015). Franklin líkir skipandi afli ferðamennsku við kóreógráfíu sem er afurð spuna fjölmargra gerenda (2012). Ferðamennska (og ferðapjónusta) mótar staði og menningu, hún „sameinar, tengir, skapar fagurfræði“ (Franklin, 2012, bls. 56) auk þess að innlima og útiloka. Að því leyti er hún svipuð dansi. Hann bendir á að þó að dans hafi kóreógráfíu þurfi hann ekki endilega að hafa einn höfund. Ferðamennska sem kóreógráfía er á sama hátt afurð margleitra tengsla, mennskra jafnt sem meira-en-mennskra gerenda.

## Staður sem flétta

Staðir hafa oft verið álitnir kyrrstæðir, nokkurskonar mósaíkflísar sem hver um sig hefur stöðug og skýr mæri og menningu eða „innihald“ sem er afmarkað frá öðrum stöðum. Sem dæmi er þetta hin hefðbundna sýn mannfræðinnar sem löngum var upptekin af því að framleiða þjóðlýsingar (e. *ethnography*) tiltekinna staða og menningarsvæða (Gupta og Ferguson, 1997a, 1997b). Í lok 20. aldar varð það æ ljósara að hugmyndin um staði sem kyrrstæða átti ekki við um reynslu og upplifun fólks af veröldinni, ekki síst á tímum vaxandi hnattvæðingar sem m.a. einkennist af sífellt meiri hreyfanleika og samþjöppun tíma og rýmis (Harvey, 1990). Mannfræðingurinn Arjun Appadurai talaði í þessu sambandi um að „hið etníska“ sem mannfræðingar vildu gjarnan lýsa tengdist ekki lengur einum stað og ef til vill hafi það verið talsýn að svo hafi nokkurn tíma verið (Appadurai, 1991). Aukin hreyfanleiki þýðir þó ekki að staðir glati merkingu sinni eða sérkennum. Tilley (2006) hefur þvert á móti bent á að hnattvæðing ýti undir að staðir móti sér sérstöðu, einmitt af því að þeir skipta máli. Ástæða þess

að svo sé er einfaldlega sú að staðir hafi aldrei verið kyrrstæðir. Þeir eru afurð hreyfanleika og verða til í samfundi eða fléttu ólíkra athafna og þátta þeirra.

Kirsten Simonsen (2008) fjallar um fernskonar mannlegar athafnir sem leiða fram merkingarbæra staði. Þær snerta í fyrsta lagi líkamleika og það hvernig skynjun fólks og upplifun er líkamleg. Í öðru lagi nefnir hún tilfinningar og andrúmsloft sem stafa af tengslum okkar og samfundum við aðra í því rými sem við hrærumst í. Í þriðja lagi bendir hún á frásagnir sem vísar til þess hvernig staðir öðlast merkingu og tilveru í gegnum orðræður og frásagnir sem spanna fjölbreytt tímabil fortíðar, samtíðar og framtíðar. Í fjórða lagi nefnir hún minni og minningar sem birtast oft í efnismenningu staðar eins og í landslagi, minnismerkjum og söfnum eða í tilteknum viðburðum eða hátíðum. Í daglegu lífi eru þessar athafnir illaðskiljanlegar, staður fléttast saman af öllum þessum þáttum. Staður er í þessum skilningi afurð tiltekinnar skipunar (e. *ordering*) sem þó er aldrei endanleg; samansafn (e. *thrown-togetherness*) ólíkra tengsla (Massey, 2005) sem ganga í gegnum tiltekna staðsetningu. (e. *location*) í tíma og rými fremur en kyrrstætt svið mannlegra athafna. Það má því segja að staðir séu hreyfanlegir innan tengsla mannskra og meira-en-mannskra gerenda. Iðkun á sér stað og stund og felur því í sér að það er hægt að iðka ólíkar útgáfur af veruleikanum (Mol, 1999). Sérhver tengslasamsetning dregur fram tiltekna þætti en fjarlægir aðra og í því ferli felst verufræðileg pólitík, það er, það liggur ekki endilega ljóst fyrir hvaða þættir eru dregnir fram og hverjum er haldið utangarðs, hvaða útgáfa veruleikans er sett fram eða iðkuð, og slíkt val getur aldrei verið saklaust í sjálfu sér (Law og Urry, 2004). Til að lýsa tilurð og mótun staðar er mikilvægt að fylgja eftir iðkun þessara tengsla og skipunar og þar með hvernig ólíkir þættir fléttast saman hverju sinni (Katrín Anna Lund og Gunnar Þór Jóhannesson, 2016). Við munum nú snúa okkur að Galdrasýningunni á Ströndum sem við tókum sem dæmi um tengslarými sem fléttar iðkun misleitra gerenda og skapar áfangastaðinn Strandir.

## Galdrar á Ströndum

Það var sagnfræðingurinn James Clifford (1997) sem yfirfærði hugtakið tengslarými á söfn en hugtakið á rætur sínar að rekja til bókmenntafræðingsins Mary Louise Pratt (1992) sem notaði það til að lýsa ójafnvægi hópa í valdaátökum nýlendustefnu og birtingarmyndum hennar í skrifum landkönnuða. Í meðförum Pratt eru tengslarými landsvæði þar sem samfundir fólks af ólíkum uppruna eiga sér stað og samtal um miðlun menningarheima, sem einkennist af yfirtöku þeirra sem eru í valdastöðu eða fulltrúa nýlenduvaldsins, fer fram. Í meðförum Cliffords öðlast hugtakið víðari skírskotun þar sem hann heldur því fram að samtalið sé alltaf í gangi í síbreytilegum og hreyfanlegum heimi og að ójöfn valdaafstaða, sem Pratt lagði áherslu á, sé hvorki einföld né einhliða. Með því að yfirfæra hugtakið á söfn leggur hann áherslu á að þau eru ekki aðeins tengslarými heldur einnig ávallt jaðarsvæði af því að það sem einkennir söfn fyrst og fremst eru samfundir ólíkra menningarheima, þ.e. þegar jaðrar þeirra mætast. Þetta er andstætt algengri sýn á söfn en Clifford bendir á að oft sé þeim stillt upp sem ákveðnum menningarmiðjum samfélaga sem felst í því að ákveðnir þættir eru dregnir fram og gerðir sýnilegri en aðrir. Það er því ljóst að söfn verða að vera meðvituð um ábyrgð sína sem stofnanir sem hafa vald til að móta staði og skapa frásagnir og ímynd. Slík ábyrgð er vandmeðfarin. Samkvæmt Clifford felst meðvitund um ábyrgð safna í því að aðstandendur þeirra átti sig á og

vinni með þeirri staðreynd að söfn eru flókin tengslarými samfunda og samræðna í rými jafnt sem tíma.

Í umfjöllun sinni um flókið net ríkjandi stétta gagnvart valdalausum fólki á 17. öld varpar Galdrasýningin á Ströndum ljósi á hvernig mörkin milli jaðars og miðju geta fléttast saman. Sýningin var opnuð árið 2000 með það fyrir augum að styrkja menningartengda ferðamennsku á Ströndum og var ákveðið að gera galdraofsóknum 17. aldar þar skil (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson, 2014). Með þeirri ákvörðun var um leið gengið nærri þægindaramma margra íbúa svæðisins þar sem það þýddi að dregin yrði fram myrk saga svæðisins sem fyrir mörgum var viðkvæmt mál sem ætti að tilheyra fortíðinni. Sagan sem er sögð á sýningunni er hins vegar langt því frá að vera einsleit. Hún er sett fram sem samfundir ólíkra heimsmynda, valds upplýsingarinnar, kirkjunnar og höfðingja gagnvart fólki sem hafði um langa hríð haft afkomu sína af landi og sjó, háð duttlungum oft og tíðum óblíðra náttúruafla. Frásögnin er aldrei einföld heldur ferðast um í tíma og rými í flóknu neti virkra og óvirkra gerenda, mennskra og meira-en-mennskra, og hefur hvorki línulega framvindu né fasta miðju. Hún er síkvik þar sem hún bugðast og beygist í óvæntar áttir og svo staldrar hún við þar sem hún efnisgerist og tekur á sig form í hlutum og gefur tengingar við aðra hluti innan jafnt sem utan sýningarinnar sjálfrar í samhengi hins meira-en-mennska. Það er einmitt þar sem frásögnin staldrar við þar sem gestum sýningarinnar er boðið upp á að taka þátt í og leggja til við ferðalag eða kóreógrafiú frásagnarinnar. Til að fylgja ferðalaginu eftir munum við nú staldra við á völdum stöðum.

Sem miðja svæðis, samfélags og áfangastaðar formgerist sýningin í byggingunni sem hýsir hana. Það er gamalt pakkhús niðri við sjávarsíðuna í hjarta Hólmavíkur sem hefur fengið nýtt hlutverk. Þetta tvílyfta timburhús hefur verið gert upp á smekklegan en þó afgerandi hátt, málað svart með rauðri hurð og skartar grónu torfi á þakinu. Að innan er húsið tvískipt. Gestir koma fyrst inn í sal sem hýsir afgreiðslu sýningarinnar, veitingasal Kaffi Galdurs og minjagripabúð áður en þeim er vísað inn í sýningarrýmið. Þegar gengið er frá afgreiðslunni að sýningarsvæðinu blasir við Ægishjálmur, galdrastafur verndar gegn óvættum og yfirgangi, málaður á vegg við hlið aðalinngangsins að sýningarrýminu sjálfu. Þar tekur á móti manni kort af Íslandi sem á eru merktir allir þeir staðir þar sem galdrabrennur áttu sér stað. Þá blasir við að því er virðist tómur glerskápur sem stendur á miðju gólfi framan við innganginn og geymir „ósýnilega drenginn“ sveipaðan huliðshjálmi. Glerskápurinn er merktur með galdrastaf og galdrapulu huliðshjálmsins (sjá mynd 2). Í gegnum glerið (og „ósýnilega drenginn“) má sjá uppvakning skríða upp úr gröf sinni. Það er á þessum stað sem hughrif sýningarinnar sem jaðarsvæðis ná tökum. Áhorfandinn finnur sig staddan á margræðum jaðri þar sem náttúra og menning, hið mennska og hið meira-en-mennska rennur saman. Á þessari neðri hæð sýningarinnar er áhorfendanum boðið að ganga um og staldra við fyrir framan eina uppsetningu á göldrum eftir aðra; Þjófagaldur, Tilbera og Nábrækur svo eitthvað sé nefnt. Galdrarúnirnar gefa innsýn í raunveruleika kotbænda 17. aldar sem miðluðu hver á sinn hátt málum við hin æðri öfl, náttúruna og hið guðlega til að hafa áhrif á líf sitt til hins betra. Hver uppsetning tengir saman efnismenningu þess umhverfis og tíma sem vísað er til við dýr, menn, lifendur, dauða, jörð, vatn, loft og eld. Allt eru þetta hlutir efnisheimsins sem nútímamaðurinn kannast við en ekki endilega í þeim samsetningum sem sýningin setur fram. Í heimsmynd Vesturlanda hefur skýr aðgreining verið við lýði ekki aðeins milli náttúru og menningar heldur einnig hins ræða

og hins óræða. Galdrasýningin fléttar saman tímabil og tíminn sjálfur verður óræður. Uppsetningin á neðri hæðinni minnir um margt á það sem Hetherington (1997) fjallar um sem efnislegan margbreytileika þar sem sýningargripum er komið fyrir á skipulegan, nánast hefðbundinn, hátt en kallast þó á hver við annan í gegnum tengslin, ekki bara sín á milli heldur einnig í tengslum við áhorfandann. Hver og ein uppstilling vekur forvitni og gestir staldra við vegna þeirra tengsla sem hún tvinnar saman. Sem slík býður Galdrasýningin áhorfandanum upp á að vefa sinn veruleika saman við þau tengsl. Hún kastar fram möguleikum sem gesturinn getur leikið sér með þegar hann eða hún veltir fyrir sér því samfélagi sem frásagnir hennar hverfast um frekar en að skilgreina endanlega hina einu réttu útgáfu veruleikans í fortíð eða nútíð.



Mynd 1. Brennustaðir



Mynd 2. Ósýnilegi drengurinn í glerskápnum og uppvakningur við það að brjótast upp úr gólfinu



Mynd 3. Hluti sýningarinnar á efri hæð

Þegar komið er upp á efri hæð sýningarinnar tekur við sá hluti hennar sem í fljótu bragði virðist vera byggður á mun hefðbundnari sýningarframsetningu. Efnislegir hlutir eru settir fram á skipulagðan hátt með viðeigandi skýringartexta. Á hæðinni eru þrjár raðir sýningarkassa. Tveir standa meðfram langhliðum hússins og einn stendur á miðju gólfsins og geymir sá sýnishorn af rituðum heimildum um galdra og lækningar. Í kassanum við annan vegginn má sjá endurgerð skinnhandrita ásamt samsetningum mismunandi rúna og textabrota, viðarútskurð og jarðneska hluti eins og bein, skinn og hár af dýrum og mismunandi tegundir steina. Aftur er um að ræða samsetningar ólíkra efnisgerða sem gefa tiltekinn kraft eða orku, eins og til dæmis samlegð surtarbrands og segulsteins sem, samkvæmt texta sem skýrir hvað felst í tengslunum, er „talin mögnuð náttúrusmíð. Gegn svefnleysi og slæmum draumum“. Það eru því galdrar sem eru aftur í forgrunni en hver og ein samsetning er smærri í sniðum en þær á neðri hæðinni og er hver og ein útskýrð með stuttum texta. Þessi framsetning er lokaðri eða formlegri á þann hátt að nauðsynlegt er að rýna í texta og gefa sér tíma til að nema upplýsingar um iðkun og mátt galdra. Hún er þó ekki hefðbundin á þann hátt að ekki er um línulega frásögn að ræða. Hægt er að bera niður hér og þar og kallast sýningin á efri hæðinni að því leyti á við framsetningu galdra á þeirri neðri.

Fyrir enda herbergisins er gína sem ætlað er að vera eftirmynd af Jóni Guðmundssyni lærða, kraftaskáldi, náttúrufræðingi og galdramanni. Hann snýr baki í gesti safnsins þar sem hann situr við skrifborð og þárar á skinn með fjaðurpenna. Jón, sem var fæddur á Ströndum, var þekktur fyrir yfirsíkilvitlega krafta, ekki síst við að kveða niður drauga, auk þekkingar sinnar á lækningamætti jurta og steina (Viðar Hreinsson, 2016). Lútersku yfirvaldi 17. aldarinnar stóð stuggur af þekkingu hans sem þótti brjóta í bága við hugmyndafræði kristinnar auk þess sem hann hikaði ekki við að takast á við yfirvaldið þegar brotið var á réttlætiskennd hans. Það sem hann skildi eftir sig ber merkilegan vitnisburð um heimsmynd og veruleika venjulegs íslensks bændafólks á 17. öld. Nærvera Jóns lærða færir áherslu safnsins yfir að mætti hins ritaða orðs sem miðlar jafnt í nútíð sem framtíð. Textinn er því ekki aðeins notaður til frásagnar um liðna atburði sem eru stöðugir í tíma, heldur hefur hann beint hlutverk sem felst í því að virkja tengsl með því að gera það sem er fjarlægt og óáþreifanlegt sýnilegt og nálægt (DeSilvey, 2007). Framsetningin hjálpar áhorfendanum að tengjast þeirri heimsmynd sem verið er að koma á framfæri þar sem galdur var hversdagsleg og sjálfsögð athöfn. Textinn tengir saman tíma og rými sem annars eru ekki tengjanleg í skipan þeirrar heimsmyndar sem nútímamaðurinn býr í (Hetherington og Lee, 2000). Hann varpar ljósi á heimsmynd sem er meira-en-mennsk, þar sem fólk og náttúra voru samtvinnuð í gegnum athafnir hversdagsins, þar með talið galdra.

Sú heimsmynd stendur þó ekki óhreyfð. Birtingarmynd hennar á sýningunni felst ekki síst í hvernig hún er partur af síkviku ferli breytinga og þá helst þeirra sem eiga sér stað á 17. öld þegar lútersk hugmyndafræði er að festa sig rækilega í sessi í skjóli yfirvalda. Það má því halda því fram að sýningin sem tengslarými endurspegli heimsmynd flókins pólitíssk tengslarýmis, með vísun til áherslu Pratt (1992) á valdaójafnvægi og átök. Lútersk hugmyndafræði miðlaði nýrri sýn á náttúruna sem hlutgerði hana sem sköpun guðs og sleit úr samhengi við daglegt líf. Síðar átti aðskilnaður manns og náttúru eftir að verða enn greinilegri á tímum upplýsingar og nútímavæðingar (sjá t.d. Latour, 1993). Hvernig þessi nýja hugmyndafræði um skipan veraldarinnar tekst á við og tekur yfir þá heimsmynd sem fyrir var birtist í opinberum skjölum sem sýnd eru og innihalda upplýsingar um ásakanir og dómsmál

sem varða galdra, sem segja má að sýni félagslega óreiðu sem leitast var við að koma böndum á (Magnús Rafnsson, 2003).

Þriðji sýningarkassinn sem stendur við gagnstæða langhlið dregur svo enn frekar fram flókið net valdatengsla mennta- og embættismanna og sýnir ættartré fjölskyldna sem flæktar voru í dómsmál sem háð voru vegna galdra. Ættartrén varpa ljósi á flókin vensl fjölskyldna og einnig hvernig fólk, sérstaklega karlmenn, nýttu sér venslatengsl til að sölsa undir sig vald og auðæfi með eignarhaldi á landi og allsnægtum náttúru sem með tímanum söfnuðust á fáar hendur. Að auki draga venslatengslin fram hvernig Strandir hafa alltaf verið hluti af hnattrænum tengslum og straumum og þannig aldrei kyrrstæðar hvað það varðar. Galdrar og náttúrulækningar voru partur af heimsmynd heiðinna manna víðsvegar um Evrópu og ljóst að margskonar þekking á því sviði barst í handritum til landsins á þessum tíma (Magnús Rafnsson 2003; Viðar Hreinsson, 2016). Eflaust hafa athafnirnar sem slíkar verið lagaðar að staðbundinni efnismenningu, en ljóst er að menn sóttu sér þekkingu frá útlöndum. Valdastéttin gat sent unga menn utan til náms og komu þeir með nýjar hugmyndir lútersks rétttrúnaðar sem fordæmdi fyrri siði. Tengslarýmið sem Galdrasýningin skapar dregur þannig fram pólitísk átök sem öðrum þræði má túlka sem verufræðileg á þann hátt að tekist var á um hvað væri réttmæt heimsmynd, frammi fyrir guði og mönnum. Sem slíkt býður það gestum að ígrunda sinn eigin reynsluheim í liðinni sögu.

## Síkvik menning

Í þessari grein höfum við fjallað um samband menningar, náttúru og ferðamennsku út frá meginhugmyndum efnislegrar tengslahyggju. Hún dregur fram að það sem getur virst vera stöðugar og vel afmarkaðar einingar má eins draga upp sem afurðir tengsla og iðkunar mennskra og meira-en-mennskra gerenda. Hið efnislega er birt sem órjúfanlegur hluti hins félagsmenningarlega og hreyfanleiki tekinn sem stöðugt ástand veruleikans. Í þessum hluta munum við taka saman og fjalla nánar um hvaða afleiðingar þessi kenningarlega sýn hefur fyrir skilning á mótun áfangastaða, hlutverki safna og menningarpólitík.

Áfangastaðir verða til í samfundum margvíslegra tengsla sem spanna fortíð, nútíð og framtíð. Fólkíð sem dvelur á sérhverjum stað, til lengri eða skemmri tíma, sem íbúar eða ferðafólk, leikur lykilhlutverk í mótun hans og verðandi. Kirsten Simonsen minnir okkur á að staður er leiddur fram í líkamlegri iðkun, frásögnum, minningum og tilfinningum sem spretta upp þegar fólk mætir öðrum í rými. Við viljum taka þessa sýn Simonsen lengra og undirstrika að „aðrir“ geta verið mannlegir og meira-en-mennskir gerendur. Hreyfanleiki fólks í gegnum rými og samfundir við landslag, náttúrulega krafta og efnislega hluti raungera með öðru staðinn og þar með vitund fólks og upplifun af áfangastaðnum. Við greinum alla þessa þræði í Galdrasýningunni á Ströndum. Galdrasýningin var ekki sett á laggirnar fyrir tilviljun heldur sprettur hún upp sem nýsköpunarverkefni eftir að upplýsingum og hugmyndum að uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu hafði verið safnað (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson, 2014; Jón Jónsson, 1996). Hún byggir á frásögnum af atburðum sem áttu sér stað á svæðinu og sýningin dregur ennfremur fram tengingar við landslag, efnismenningu og staðhætti sem iðkun galdra á miðöldum spratt upp úr. Sýningin var umdeild í fyrstu. Hún snerti við skipan samfélagsins eins og það var og dró fram frásagnir og minningar sem legið höfðu utangarðs að mestu. Hún bætti við Strandir sem „stað“. Vafalaust skipti hún

ólíkt fólk mismiklu máli en uppsetning hennar gerði staðinn engu að síður margslungnari, hún birti fleiri þætti í samsafni staðarins (Massey, 2005).

Áfangastaður verður hins vegar ekki til nema fyrir tilstilli ferðafólks og iðkunar þess. Það kemur á staðinn á ólíkum forsendum og ber mismunandi væntingar til hans. Við þekkjum það öll þegar við ferðumst að stundum er eins og við förum aftur í tímann þegar landslag, efnismenning eða samfélag mætir okkur og snertir okkur á þann hátt að hugrenningatengsl vakna við önnur tímabil. Í tilfelli Stranda getur það verið bugðóttir og grófgerðir vegir, eyðibýli sem minna á fyrri tíma eða efnismenning galdra sem Galdrasýningin setur fram á ólíkan hátt. Myndir 4 og 5 birta tvö dæmi um hvernig andrúmsloft og stemning sýningarinnar nær út fyrir vegg húsakynna hennar. Einn hluti rannsóknarinnar fólst í því að við söfnuðum ljósmyndum frá ferðamönnum og íbúum ásamt skýringartexta um hvernig þær endurspegluðu kjarna eða ímynd Stranda (sjá t.d. Van der Duim ofl., 2018). Mynd 4 er af vettvangi fyrstu galdrabrenna á landinu Kistuvogi í Trékyllisvík. Ljósmyndarinn sendi okkur myndatexta: „Kistuvogur í Trékyllisvík. Sagan verður áþreifanleg á stöðum sem þessum”. Mynd 5 er dæmi um persónulegri hugrenningartengsl við sögu svæðisins og galdramálin. Myndatextinn sem fylgdi myndinni undirstrikar það: „Á ... myndinni er klettur sem greip augað mitt strax enda örugglega göldróttur”. Þetta eru einnig dæmi um atbeina meira-en-mennskra gerenda. Náttúrufyrirbrigði, landslag og tákni, eins og rúnir, tvinnast saman og móta skynjun og upplifun fólks af svæðinu í tengslum sem liggja í gegnum galdrasýninguna en einskorðast ekki við hana. Það sem mætir hverjum og einum hefur áhrif á hvaða mynd staðurinn tekur sem áfangastaður og hverskonar frásagnir verða til um hann.



Mynd 4. Kistuvogur



Mynd 5. Rúnum ristum klettur

Við höfum einblínt á Galdrasýninguna og lýst hvernig hún, sem tengslarými, býður gestum upp á þátttöku í samfundi ólíkra gerenda og margvíslegra tengsla. Hugmyndin um tengslarými undirstrikar að sköpun áfangastaðar á sér að verulegu leyti stað í hversdagslegum athöfnum þar sem ferðafólk mætir og tengist efnisleika og frásögnum sem kveikja andrúmsloft, tilfinningar og minningar og geta kallað á leik og frekari spuna þeirra sem fara um rýmið. Með því erum við ekki að draga úr mikilvægi annarskonar vinnu sem hagsmunaaðilar inna af hendi til að skapa áfangastað, s.s. markaðsetningu og stefnumótun sem eiga þátt í að skapa stöðum sess sem áhugaverðum viðkomustöðum ferðafólks. Áherslan er hins vegar sú að þegar þræðir sem liggja áfangastað til grundvallar eru raktir upp standa hversdagslegir samfundir eftir. Slíkir samfundir geta átt sér stað á ólíkum stigum eða mislangt frá áfangastaðnum sem um ræðir (sjá t.d. Gunnar Þór Jóhannesson, 2015; Katrín Anna Lund og Gunnar Þór Jóhannesson, 2014). Í tilfelli Stranda birtist Galdrasýningin sem meginviðkomustaður ferðafólks á svæðinu og hún er þannig lykiltengslarými fyrir mótun svæðisins sem áfangastaðar.

Þetta leiðir okkur að hlutverki safna og sýninga eins og Galdrasýningarinnar. Ef við tökum tengsl, hreyfanleika og iðkun alvarlega getum við ekki gert ráð fyrir því að söfn séu kyrrstæðir geymslustaðir menningar- eða náttúruminja. Ef þau birtast sem slík er ástæðan sú að þeim hefur verið skipað á þann veg en eins og kom fram hér að framan er ávallt rými til andófs, engin skipun er endanleg eða alltumlykjandi. Í tilfelli Galdrasýningarinnar er ljóst að framsetning sögunnar, sú kóreógrafía eða ferðalag sem hún býður upp á, er ófullgerð. Gesturinn eða áhorfandinn hverju sinni hefur vald til að túlka og taka þátt í þeim leik sem safnið leggur upp með. Þetta er sérlega áberandi á neðri hæð safnsins sem tekur sig mátulega alvarlega þar sem viðleitni fólks til að hafa áhrif á hversdagslegar aðstæður sínar er sett fram á skondinn hátt í forgrunni sýningarsalarins. Landakort sem sýnir staðsetningu galdrabrenna á 17. öld minnir fólk á hversu alvarlegar afleiðingar fordóma og vanþekkingar geta verið. Aðrir hlutar

sýningarinnar eru seinteknari. Á efri hæð hennar leikur texti og formlegar upplýsingar um galdrastafi og fjölskyldu- og ættartengsl stórt hlutverk. Það er auðvelt að skauta yfir þennan hluta og krefst hann meiri rýni og tíma af hálfu gesta þar sem hann er að þessu leyti lokaðri fyrir þátttöku en sýningin á neðri hæðinni. Við nánari skoðun dregur textinn hins vegar bókstaflega fram línur bæði í tíma og rými. Þræðir hans liggja aftur til fortíðar sem og út af svæðinu og tengja Strandir á 17. öld, umhverfi, náttúru og orðræður veraldlegs og kirkjulegs valds, við daginn í dag. Jóni lærða, skáldi og alþýðufræðimanni, er teflt gegn þekkingu og valdi valdhafa sem menntaðir voru í Evrópu og fluttu nýja þekkingu og heimsmynd til landsins. Ferðafólk kemur með ólíkar væntingar og það sem einn heillast af nær sá næsti lítilli tengingu við. Aðalatriði í samhengi þessarar greinar er að Galdrasýningin birtist sem rými ólíkra tengsla. Gestum er boðið að taka þátt í verðandi kóreógráfíu staðarins og í sumum tilfellum hreyfir sá samfundur við fólki og lífi þess í dag. Það minnir á að tengslarými eru ávallt pólitísk í sjálfu sér.

Það má líta á skipulag og framsetningu sýningarinnar sem birtingarmynd menningarpólitískrar afstöðu. Í stað þess að túlka sögu með ákveðnum hætti og segja hana sem viðtekin sannindi er henni leyft að birtast í nokkurri óreiðu og hún opnuð fyrir þátttöku gesta og gangandi. Grín og alvara takast á og hin formlega þekking menntafólks og reynsluþekking bænda og alþýðu er lítt aðgreind sem þýðir að gestum er gefið rými til að skapa þau tengsl á sínum eigin forsendum og velta upp spurningum. Tökum við galdurinn um Nábrækurnar trúanlegan, stundaði fólk það virkilega að ala með sér Tilbera, er þetta eitthvað sem gæti átt sér stað í dag? Tengslahyggja undirstrikar að sú pólitík sem mestu máli skiptir er hin verufræðilega pólitík (Gunnar Þór Jóhannesson ofl. , 2015; Law, 2004; Mol, 1999). Þessi staðhæfing hvílir á því að við samþykkjum að veruleikinn sé iðkaður og leiddur fram í tengslum. Ef svo er felst í því að mögulega er hægt að iðka hann á mismunandi hátt á mismunandi stöðum (Mol, 1999). Latour (1993) lýsir því hvernig heimsmynd nútímans er tilbúningur. Vandlega framreiddur tilbúningur en tilbúningur engu að síður í þeim skilningi að þær einingar sem hún hvílir á, eins og menning, náttúra, hagkerfi, samfélag og vísindi, eru ekki stöðugar heldur verða þær til í tengslum sem eru stöðugt til skoðunar og umræðu og tilefni togstreitu. Heimsmynd nútímans sem byggir á skýrri aðgreiningu menningar og náttúru er ákveðin framsetning sem gæti verið öðruvísi.

## Lokaorð

Sérhver framsetning á sögu felur í sér val og útilokun einfaldlega vegna þess að það er aldrei hægt að segja allt. Öll saga galdraofsókna og iðkun galdra hefði ekki haft sömu nærveru og hún hefur nú ef ekki hefði komið til uppsetningar Galdrasýningarinnar á Ströndum, sem var eins og áður segir ekki óumdeild. Tengslarými Galdrasýningarinnar er menningarpólitískt í þeim skilningi að það veitir ekki einfaldlega sýn aftur til kyrrstæðrar eða endanlega túlkaðrar fortíðar heldur býður upp á að frásagnir og atburðir fyrri alda séu ofnir saman við mótun Stranda sem áfangastaðar ferðafólks í nútímanum. Að því leyti má segja að um verufræðilega menningarpólitík sé að ræða. Um leið skapar sýningin möguleika á að virkja tengsl menningar og náttúru í dag á nýjan hátt. Hægt er að spyrja hvort í raun sé svo langt á milli kotbænda fyrri tíðar, sem leituðust við að tvinna saman hið náttúrulega eða efnislega, trú á hið yfirskilvitlega

og hið félagslega til að hafa áhrif á líf sitt, og þeirra sem lifa á tímum mannaldar sem undirstrikar að menning og náttúra eru samofin. Að okkar mati sýnir dæmið um Galdrasýninguna að menningarpólitík fjallar aldrei aðeins um það sem oftast er skilgreint sem menningarstarfsemi. Hún sprettur fram í gegnum misleit tengsl mennskra og meira-en-mennskra gerenda og er sem slík síkvik.

## Heimildir

- Appadurai, A. (1991). Global Ethnoscapes: Notes and Queries for a Transnational Anthropology. Í R. G. Fox (ritstjóri), *Recapturing Anthropology: Working in the Present* (bls. 191-210). Santa Fe: School of American Research Press.
- Björn Þorsteinsson (ritstjóri). (2016). *Náttúran í ljósaskiptunum: Mannvera og náttúra í austrænni og vestrænni hugsun*. Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan.
- Britton, S. (1991). Tourism, capital, and place: towards a critical geography of tourism. *Environment and Planning D: Society and Space*, 9, 451–478.
- Buckley, R., Pickering, C. og Weaver, D.B. (ritstjórar). (2003). *Nature-Based Tourism, Environment and Land Management*. CABI: Wallingford.
- Bærenholdt, J. O., Haldrup, M., Larsen, J. og Urry, J. (2004). *Performing Tourist Places*. Aldershot: Ashgate.
- Caton, K. og Almeida Santos, C. (2008). Closing the Hermeneutic Circle? Photographic Encounters with the Other. *Annals of Tourism Research*, 35(1), 7–26. doi:10.1016/j.annals.2007.03.014
- Clifford, J. (1997). *Routes: Travel and translations in the late twentieth century*. Cambridge: Harvard University Press.
- Cloke, P. og Jones, O. (2004). Turning in the graveyard: Trees and the hybrid geographies of dwelling, monitoring and resistance in a Bristol cemetery. *Cultural Geography*, 11, 180–208.
- Cohen, E. (1972). Toward a Sociology of International Tourism. *Social Research*, 39(1), 164–182.
- Cohen, E. (1996 [1979]). A phenomenology of Tourist Experiences. Í Y. Apostolopoulos, S. Leivadi og A. Yiannakis (ritstjórar), *The Sociology of Tourism: Theoretical and Empirical Investigations* (bls. 90–111). London: Routledge.
- DeSilvey, C. (2007). Salvage memory: constellating material histories on a hardscrabble homestead. *Cultural Geographies*, 14(3), 401–424. doi:10.1177/1474474007078206
- Dillon, M. (2000). Poststructuralism, Complexity and Poetics. *Theory, Culture and Society*, 17(5), 1–26. doi:10.1177/02632760022051374
- Dinhopl, A. og Gretzel, U. (2016). Selfie-taking as touristic looking. *Annals of Tourism Research*, 57, 126–139. doi: 10.1016/j.annals.2015.12.015
- Edensor, T. (2000). Staging Tourism: Tourists as Performers. *Annals of Tourism Research*, 27(2), 322–344.

- Edensor, T. (2001). Performing Tourism, Staging Tourism: (Re)producing tourist space and practice. *Tourist Studies*, 1(1), 59–81.
- Franklin, A. (2004). Tourism as an ordering: Towards a new ontology of tourism. *Tourist Studies*, 4(3), 277–301.
- Franklin, A. (2012). The choreography of a mobile world: tourism orderings. Í R. Van der Duim, C. Ren og G. T. Jóhannesson (ritstjórar), *Actor-Network Theory and Tourism: Ordering, materiality and multiplicity* (bls. 43–58). London & New York: Routledge.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson. (2014). Weaving with Witchcraft: Tourism and Entrepreneurship in Strandir, Iceland. Í A. Viken og B. Granås (ritstjórar), *Destination Development in Tourism: Turns and Tactics* (bls. 95–112). Farnham: Ashgate.
- Gunnar Þór Jóhannesson. (2015). A Fish Called Tourism: Emergent Realities of Tourism Policy in Iceland. Í G. T. Jóhannesson, C. Ren og R. van der Duim (ritstjórar), *Tourism Encounters and Controversies: Ontological Politics of Tourism Development* (bls. 181–200). Farnham: Ashgate.
- Gunnar Þór Jóhannesson, Ren, C. og van der Duim, R. (ritstjórar). (2015). *Tourism Encounters and Controversies: Ontological Politics of Tourism Development*. Farnham: Ashgate.
- Gunnar Þór Jóhannesson, Ren, C. og van der Duim, R. (2016). ANT, tourism and situated globality: Looking down in the Anthropocene. Í M. Gren og E. Huijbens (ritstjórar), *Tourism and the Anthropocene* (bls. 77–93). London: Routledge.
- Gunnar Þór Jóhannesson, Katrín Anna Lund og Ren, C. (2018). Making matter in the midst of things: Engaging with tourism imponderables through research. Í C. Ren, G. T. Jóhannesson og R. Van der Duim (ritstjórar), *Co-Creating Tourism Research: Towards Collaborative Ways of Knowing* (bls. 39–54). London: Routledge.
- Gupta, A. og Ferguson, J. (ritstjórar). (1997a). *Anthropological Locations: Boundaries and Grounds of a Field Science*. Berkeley, Los Angeles & London: University of California Press.
- Gupta, A. og Ferguson, J. (ritstjórar). (1997b). *Culture Power Place: Explorations in Critical Anthropology*. Durham & London: Duke University Press.
- Hannam, K., & Knox, D. (2010). *Understanding Tourism: A Critical Introduction*. London: Sage.
- Haraway, D. J. (2016). Staying with the Trouble: Anthropocene, Capitalocene, Chthulucene. Í J. W. Moore (ritstjóri), *Anthropocene or Capitalocene? Nature, History, and the Crisis of Capitalism* (bls. 34–76). Oakland, CA: PM Press.
- Harvey, D. (1990). *The Condition of Postmodernity*. Oxford: Blackwell.
- Hetherington, K. (1997). In place of geometry: The materiality of place. Í K. Hetherington og R. Munro (ritstjórar), *Ideas of Difference: Social Spaces and the Labour of Division* (bls. 183–199). Oxford: Blackwell.
- Hetherington, K. og Lee, N. (2000). Social order and the blank figure. *Environment and Planning D: Society and Space*, 18, 169–184.

- Höckert, E., Lüthje, M., Ilola, H. og Stewart, E. (2018). Gazes and faces in tourist photography. *Annals of Tourism Research*, 73, 131–140. doi: 10.1016/j.annals.2018.09.007
- Jenkins, O. (2003). Photography and travel brochures: the circle of representation. *Tourism Geographies*, 5(3), 305–328.
- Jón Jónsson. (1996). *Ferðapjónusta og þjóðmenning*. Hólmavík: Héraðsnefnd Strandasýslu.
- Katrín Anna Lund. (2005). Seeing in motion and the touching eye: Walking over Scotland's mountains. *Etnofoor*, 18(1), 27–42.
- Katrín Anna Lund og Gunnar Þór Jóhannesson. (2014). Moving places: Multiple temporalities of a peripheral tourism destination. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 14(4), 441–459. doi: 10.1080/15022250.2014.967996
- Katrín Anna Lund og Gunnar Þór Jóhannesson. (2016). Earthly substances and narrative encounters: Poetics of making a tourism destination. *Cultural Geographies*, 23(4), 653–669. doi:10.1177/1474474016638041
- Kristín Loftsdóttir, Katla Kjartansdóttir og Katrín Anna Lund. (2017). Trapped in clichés: masculinity, films and tourism in Iceland. *Gender, Place & Culture: A Journal of Feminist Geography*, 24(9), 1225–1242. doi: 10.1080/0966369X.2017.1372383
- Larsen, J. (2005). Families Seen Sightseeing: Performativity of Tourist Photography. *Space and Culture*, 8(4), 416–434. doi:10.1177/1206331205279354
- Larsen, J., Axhausen, K. W. og Urry, J. (2006). Geographies of Social Networks: Meetings, Travel and Communications. *Mobilities*, 1(2), 261–283.
- Larsen, J. og Meged, J. W. (2013). Tourists Co-producing Guided Tours. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 13(2), 88–102. doi:10.1080/15022250.2013.796227
- Larsen, J. og Urry, J. (2011). Gazing and Performing. *Environment and Planning D: Society and Space*, 29(6), 1110–1125. doi:10.1068/d21410
- Latour, B. (1993). *We Have Never Been Modern* (C. Porter, þýðandi). Cambridge: Harvard University Press.
- Law, J. (2004). *After Method: Mess in social science research*. London & New York: Routledge.
- Law, J. og Urry, J. (2004). Enacting the Social. *Economy and Society*, 33(3), 390–410.
- MacCannell, D. (1976). *The Tourist: A New Theory of the Leisure Class*. New York: Schocken Books.
- Magnús Rafnsson. (2003). *Angurapi: Um galdramál á Íslandi*. Hólmavík: Strandagaldur.
- Massey, D. (2005). *For Space*. London: Sage.
- Mol, A. (1999). Ontological politics. A word and some questions. Í J. Law og J. Hassard (ritstjórar), *Actor Network Theory and after* (bls. 74–89). Oxford: Blackwell.
- Obrador Pons, P. (2003). Being-on-Holiday: Tourist Dwelling, Bodies and Place. *Tourist Studies*, 3(1), 47–66. doi:10.1177/1468797603040530
- Oslund, K. (2011). *Iceland Imagined: Nature, Culture, and Storytelling in the North Atlantic*.

Washington, DC: University of Washington Press.

Pratt, M. L. (1992). *Imperial Eyes: Travel Writing and Transculturation*. London: Routledge.

Ren, C., van der Duim, R. og Jóhannesson, G. T. (2015). Postscript: Making Headways, Expanding the Field and Slowing Down. Í G. T. Jóhannesson, C. Ren og R. van der Duim (ritstjórar), *Tourism Encounters and Controversies: Ontological Politics of Tourism Development* (bls. ??–??). Farnham: Ashgate.

Richards, G. og Wilson, J. (2006). Developing creativity in tourist experiences: A solution to the serial reproduction of culture? *Tourism Management*, 27, 1209–1223. doi:10.1016/j.tourman.2005.06.002

Sheller, M. (2004). Demobilizing and remobilizing Caribbean paradise. Í M. Sheller og J. Urry (ritstjórar), *Tourism Mobilities: Places to play, places in play* (bls. 13–21). London & New York: Routledge.

Shepherd, R. (2002). Commodification, culture and tourism. *Tourist Studies*, 2(2), 183–201.

Simonsen, K. (2008). Place as Encounters: Practice, Conjunction and Co-existence. Í B. Granås og J. O. Bærenholdt (ritstjórar), *Mobility and Place: Enacting Northern European Peripheries* (bls. 13–25). Aldershot: Ashgate.

Tilley, C. (2006). Introduction: Identity, Place, Landscape and Heritage. *Journal of Material Culture*, 11(1/2), 7–32

Tribe, J. (1997). The indiscipline of tourism. *Annals of Tourism Research*, 24(3), 638–657. doi:SO160-7383(97)00020

Tribe, J. (2006). The truth about tourism. *Annals of Tourism Research*, 33(2), 360–381. doi:10.1016/j.annals.2005.11.001

Turner, L. og Ash, J. (1975). *The Golden Hordes: International Tourism and the Pleasure Periphery*. London: Constable.

Uriely, N. (2001). 'Travelling Workers' and 'Working Tourists': Variations across the Interaction between Work and Tourism. *International Journal of Tourism Research*, 3(1), 1–8.

Urry, J. (1990). *The tourist gaze: leisure and travel in contemporary societies*. London, Thousand Oaks & New Delhi: Sage.

Urry, J. og Larsen, J. (2012). *The Tourist Gaze 3.0*. London: Sage.

Van der Duim, R., Ren, C. og Jóhannesson, G. T. (ritstjórar). (2012). *Actor-Network Theory and Tourism: Ordering, materiality and multiplicity*. London & New York: Routledge.

Van der Duim, R., Jóhannesson, G. T. og Ren, C. (2018). Balancing values: Co-creation in and out of academia. Í C. Ren, G. T. Jóhannesson og R. Van der Duim (ritstjórar), *Co-Creating Tourism Research: Towards collaborative Ways of Knowing* (bls. 11–23). London: Routledge.

Viðar Hreinsson. (2016). *Jón lærði & náttúrur náttúrunnar*. Reykjavík: Lesstofan.

## Um höfunda

Katrín Anna Lund (kl@hi.is) er prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hún er með doktorspróf í mannfræði frá Manchester háskóla í Englandi. Meginviðfangsefni Katrínar hafa snúið að fyrirbærafræði landslags, líkamlegum hreyfanleika og mótun áfangastaða. Hún hefur birt rannsóknir sínar í ritrýndum tímaritum og bókum.

Gunnar Þór Jóhannesson (gtj@hi.is) er prófessor í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hann er með meistarapróf í mannfræði frá HÍ 2003 og doktorspróf í land- og ferðamálafræði frá Hróarskelduháskóla 2007. Meginrannsóknaráherslur Gunnars eru mótun áfangastaða, skipulag og stefnumótun í ferðaþjónustu og nýsköpun og frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu. Hann hefur birt rannsóknir sínar í fræðitímaritum og bókum innlendis og erlendis.